

## EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2014, föstudaginn 28. nóvember kl. 13:30 var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundurinn var boðaður með bréfi dags. 17. nóvember 2014. Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Björn Bjarki Þorsteinsson forseti sveitarstjórnar, e.u. Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason og Áslaug María Friðriksdóttir, Pétur Krogh Ólafsson aðstoðarmaður borgarstjóra, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitu Reykjavíkur og staðgengill forstjóra, Inga Dóra Hrólfsdóttir framkvæmdastjóri OR-Veitna ohf. og Elín Smáradóttir lögfræðingur. Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

Formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur setti fund. Fundarstjóri var kjörinn Elín Smáradóttir. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun. Að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan.

1. Fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2015 og fimm ára áætlun 2016-2020 lögð fram, sbr. gr. 5.5 í sameignarsamningi. Ingvar Stefánsson kynnti gögnin. Umræður. Eigendur sammæltust um að leggja eftirfarandi fram við afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaganna.

Í aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda frá árinu 2011, Planinu, var ekki gert ráð fyrir lántökum. Þar sem markmið Plansins hafa gengið eftir og gott betur hefur OR nú aðgang að fjármálamörkuðum til lántöku og áhættuvarnarsamninga. Það er mat stjórnenda og stjórnar fyrirtækisins að nú sé mikilvægt fyrir OR að taka lán til að styrkja lausafjárstöðu OR og ná markmiðum fjárstýringar- og áhættustefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem samþykkt var af stjórn í október 2013 og staðfest af eigendum á eigendafundi í nóvember sama ár. Lántakan miðar fyrst og fremst að því að tryggja fjárhag fyrirtækisins og viðhalda sterkri lausafjárstöðu þess.

Eigendur samþykkja fyrir sitt leyti að leggja til við eigendasveitarfélög, við afgreiðslu fjárhagsáætlana þeirra, þá breytingu á Planinu, sem felst í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, Einstakar nýjar lántökur, sem njóta eiga ábyrgðar eigenda, munu eftir sem áður þurfa samþykki eigenda í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Sama á við um skuldbindingar yfir 5% af bókfærðu eigin fé, sbr. 8. gr. eigendastefnu.

2. Áhrif ákvarðana eigenda um uppbyggingu á áætlanagerð. Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri OR-Veitna ohf. flutti kynningu um efnið. Umræður.
3. Tillaga að endurskoðaðri áhættustefnu Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram. Ingvar Stefánsson kynnti breytingar samþykktar af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 27. október 2014. Samþykkt stjórnar staðfest.
4. Tillaga að arðgreiðslustefnu lögð fram til kynningar. Umræður.
5. Önnur mál.
  - a. Lögð fram skýrslan Uppskipting Orkuveitu Reykjavíkur 2010-2014, verkefnisyfirlit.
  - b. Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi bókun borgarráðs, dags. 27. nóvember 2014, um málefni Orkuveitu Reykjavíkur.

Í starfi Orkuveitu Reykjavíkur leggur borgarráð megináherslu á þrennt:

1. Ábyrg auðlindanýting. Auðlindir verði nýttar með þeim hætti að ekki sé gengið á framtíðarmöguleika til nýtingar þeirra. Allar ákvarðanir um nýtingu auðlinda og nýtingin sjálf einkennist af ást og virðingu fyrir umhverfinu.
2. Sjálfbær almannaþjónusta. Orkuframleiðsla verði fyrst og fremst í þágu samfélagslega ábyrga, sjálfbærra og hagkvæmra verkefna.
3. Aukið gagnsæi. Borgarbúar njóti öruggrar þjónustu frá traustum aðilum og geti gengið að upplýsingum um störf og stöðu orkufyrirtækja í eigu borgarinnar.

Ofangreindar áherslur eru í góðu samræmi við samþykktu eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur er snilldarfyrirtæki sem sér borgarbúum fyrir rafmagni, yl, vatni, frárennsli og gagnaveitu. Líklega er engin höfuðborg í heiminum jafn vel sett hvað varðar þessa mikilvægu grunnþjónustu sem er bæði hagkvæm, umhverfisvæn og örugg. Borgaryfirvöld vilja tryggja að Reykvíkingar og aðrir viðskiptavinir Orkuveitunnar njóti þess um ókomna tíð að eiga aðgang að öruggri orku, vatni, gagnaveitu og frárennsli. Sammæli eru um að þessu markmiði sé best náð með því að OR sé áfram í eigu almennings. Hlutverk OR er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi OR. Almannaþjónustan er kjarnastarfsemi og almannahagsmunir koma fyrst. Lykilatriði í starfi stjórnar er að leita allra leiða til að styrkja rekstur Orkuveitunnar, að halda Orkuveitunni í eigu almennings og að tryggja grunnþjónustu á sanngjörnu verði.

Meginverkefnin á næstu árum eru þessi:

- Aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur (Planinu) verði fylgt.
  - Unnin verði áætlun og langtímasýn sem taki við þegar Planinu sleppir. Áætlunin undirstriki ofangreindar áherslur á sjálfbæran rekstur í öllum skilningi, taki á áhættu, eðlilegum arðgreiðslum, fjármögnun og jafnvægi milli tekna og gjalda.
  - Áhersla verði lögð á þau brýnu úrlausnarefni sem Orkuveitan stendur frammi fyrir á sviði umhverfismála og unnar áætlanir um hvernig á þeim verði tekið til skemmri og lengri tíma.
  - Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið skipt upp í samræmi við lagafyrirmæli. Það breytir ekki þeirri sannfæringu borgarstjórnar að auka, en ekki minnka gagnsæi, og meiri upplýsingamiðlun um alla lykilþætti í rekstri samstæðunnar og fyrirtækja hennar, skv. nánari útfærslu stjórnar fyrirtækisins.
- c. Fráveituframkvæmdir á Vesturlandi.  
Borgarstjóri sagði Reykjavíkurborg tilbúna að taka upp viðræður um gjaldskrármál fráveitna, sbr. samkomulag eigenda þess efnis vorið 2014 á þeim forsendum sem þá voru lagðar fram af rýnihópi eigenda.  
Umræður.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:45**

Dagur B. Eggertsson

Björn Bjarki Þorsteinsson

Regína Ásvaldsdóttir